

Bókmenntakennsla

- í anda heildtækrar skólastefnu, samvirks náms og Fjölgreindakenningu H. Gardners.
Sniðin að bók Ólafs Hauks Símónarsonar, Fólkið í blokkinni.

Markmið:

- Að veita öllum nemendum í 5.-6. bekk fjölbreytta og skemmtilega bókmenntakennslu. Uppfylla þar með ákvæði í Aðalnámskrá grunnskóla þar sem sagt er m.a. að nemendur eigi að kynna verkum valinna íslenskra rithöfunda og læra að nota ýmis bókmenntahugtök t.d. sögupersóna og sögupráður. Við þetta bókmenntaverkefni vinna nemendur einnig að öðrum námsmarkmiðum í íslensku, s.s. ritun texta, hlustun, upplestri, söng og leikrænni tjáningu.
- Beina sérstakri athygli að persónusköpun og persónueinkennum sögupersónanna þannig að nemendur eigi auðveldara með að skilja að mannfólkið er ólíkt og hefur misjafnar þarfir, aðstæður, langanir og áherslur í lífinu.
- Að fá stóran hóp barna til að vinna að sameiginlegu verkefni þar sem vinnan er skipulögð með hliðsjón af samvirku námi og Fjölgreindarkenningunni sem kennd er við Howard Gardner.
- Að gera öllum nemendum kleift að nálgast innihald bókarinnar á eigin forsendum og nýta sínar sterkustu hliðar við ýmis úrvinnsluverkefni.
- Fá nemendur til að kynna sér starf rithöfunda og öðlast innsýn í það ferli sem liggur að baki ritverka.
- Virkja umsjónarkennara til samvinnu sín á milli og við aðra kennara skólans t.d. sérkennara og verkgreinakennara.
- Tengja bókmenntakennslu við kennslu í lífsleikni og upplýsinga- og tæknimennt.
- Fá foreldra til að taka virkan þátt í skólastarfinu.

Kennsluskipulag og framkvæmd:

Þetta er umfangsmikið verkefni sem gott er að vinna í nokkrum lotum og má reikna með u.þ.b. þriggja mánaða vinnuferli samtals.

Fyrsta lota, 4 vikur. Hér þarf að áætla eina kennslustund daglega. Kennarinn les einn kafla á dag úr bókinni fyrir bekkinn. Hverjum kafla fylgir verkefni í vinnubók sem eru fjölbreytt og eiga að reyna á marga ólíka þætti þannig að allir nemendur fái verkefni sem höfða til hæfileika þeirra. Verkefnin í vinnubókinni miðast við:

- ♥ Virka hlustun
- ♥ Persónusköpun
- ♥ Orðskilning
- ♥ Málfræði
- ♥ Málþekkingu
- ♥ Endursögn
- ♥ Lesskilning
- ♥ Myndvinnslu
- ♥ Ritun texta
- ♥ Ályktunarhæfni og rökhugsun.

Önnur lota, 2 vikur. Er helguð persónusköpun í bókinni. Nemendur halda áfram vinnu í vinnubók og finna helstu persónur í bókinni. Unnið með persónueinkenni, hvaða upplýsingar eru gefnar / ekki gefnar um persónurnar og hvaða ályktanir má draga af því. Nemendur kynnst og vinna með hugtökin aðal- og aukapersóna.

Nemendur vinna í hópum við að lýsa ákveðnum persónum í rituðu máli.

Þriðja lota, 1 vika. Nú er komið að því að nemendur skoði höfundinn og vinnuna á bak við það að skrifa bók. Verkefnin í þessari lotu eru upplögð til samvinnu við kennarann sem hefur umsjón með upplýsinga- og tækniþennt. Hugmyndir að verkefnum í þessari lotu eru:

- ♥ Fara á Internetið og athuga hvaða upplýsingar er hægt að finna þar og hvort að höfundurinn er með heimasíðu.
- ♥ Fara á bókasafn og kanna hvort þar er að finna einhver verk eftir höfundinn og nemendur hvattir til að lesa þau.
- ♥ Nemendur skoða efni á vef Skruddu þar sem höfundur bókarinnar segir frá vinnuferli bókarinnar, hvort einhverjar persónur eigi sér fyrirmynd í raunveruleikanum, hvaðan hann fékk hugmyndina að bókinni, hvort höfundurinn hefur sjálfur búið í blokk, hve lengi var höfundurinn að skrifa bókina, hver er boðskapur bókarinnar, hver langan tíma tók að skrifa bókina, hvar var bókin skrifuð...
- ♥ Athuga hvort að hægt sé að fá rithöfundinn í heimsókn í skólann til að kynna bókina, hugmyndirnar og vinnuna að baki hennar.

Fjórða lota, 6 vikur. Vinnan í þessari lotu snýst um að kafa örlítið dýpra í innihald bókarinnar og bjóða nemendum upp á persónulega og listræna úrvinnslu efnisins. Stefnt er að því að hafa sýningu á afrakstri vinnunnar í lokin. Þessi vinna fer fram í fámenum hópum sem nemendur velja sig í. Áður en nemendur skrá val sitt á þar til gert eyðublað (sjá valblað) eru þeir beðnir um að íhuga vel hvað þá sjálfa langar mest til að gera og í hvaða hópum líklegast sé að þeir noti hæfileika sína. Hver nemandi getur staðsett sig í 1 – 3 hópum en það fer eftir getu, áhuga og umfangi verkefna.

Viðfangsefni hópanna eru valin með tilliti til Fjölgreinda-kenningarinnar en hóparnir eru 7 og helgast eftirfarandi atriðum:

1. **Ritun**, unnið með málgreind. Hópurinn safnar upplýsingum og vinnur að kynningu á rithöfundinum, vinnur við að koma persónulýsingunum á veggspjöld og sér um að útbúa auglýsingar og dagskrá fyrir sýninguna.

2. **Smíðar**, unnið með 3 greindir, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind og líkams- og hreyfigreind. Hópurinn smíðar sviðsmynd og ýmsa muni fyrir sýninguna.
3. **Myndlist**, unnið með rýmisgreind. Hópurinn myndgerir valda atburði úr sögunni og býr til líkön úr pappamassa af helstu sögupersónum.
4. **Leiklist**, unnið með samskiptagreind, sjálfsþekkingargreind og málgreind. Þeir sem eru í þessum hópi velja sér stutta kafla úr bókinni og búa til handrit af leikriti úr þeim. Æfa og sýna stutta leikþætti.
5. **Tónlist**, unnið með tónlistargreind. Þessi hópur velur lög af disknum um Fólkið í blokkinni og vinnur að einsöng og kórsöng.
6. **Dans**, unnið með líkams- og hreyfigreind. Hópurinn semur dansa við tónistina um Fólkið í blokkinni.
7. **Upplestur**, unnið með sjálfsþekkingargreind og málgreind. Þeir sem vinna í þessum hópi þjálfu upplestur á völdum köflum úr bókinni.

Innan hvers hóps er lögð áhersla á samvinnu og að nemendur leiðbeini hver öðrum. Hér getur verið gott að fá ráðleggingar frá sérkennara þannig að nemendur með sérþarfir geti notið samvinnu við aðra nemendur og fái viðfangsefni við hæfi. Við hópavinnuna reynir mest á samstarf milli umsjónarkennara. Við undirbúning sýningarinnar er tilvalið að leita aðstoðar hjá foreldrum og kanna hvort einhverjir geti hjálpað til (við það sem þeir eru góðir í).

Tillögur að skipulagi og undirbúningi sýningar

- Leita eftir aðstoð foreldra við lokaundirbúning sýningarinnar.
- Hvetja og stuðla að samvinnu nemenda í hvívetna.

- Nemendur vinna saman að því að gera auglýsingar og koma þeim á rétta staði.
- Skipuleggja húsrými fyrir sýninguna. Best er að hafa svið fyrir upplestur, söng, dans og leikþætti.
- Áætla pláss fyrir veggmyndir, persónulýsingar og líkön af sögupersónum. Einnig þarf að útbúa borðpláss fyrir vinnubækur og annað sem nemendur hafa unnið.
- Fá 2 nemendur til að annast kynningar meðan á sýningunni stendur.
- Fá 2-3 nemendur til að segja sýningargestum frá því sem hægt er að skoða á borðum og veggjum.